



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Haustönn 2025

FATN1SX05

Handmennt - Starfsbraut

Kennari:	Guðbjörg Bergsveinsdóttir	Sk.st.	GB
----------	---------------------------	--------	----

Áfangalýsing:

Áhersla er lögð á þjálfun í mismunandi vinnubrögðum í tengslum við handmennt s.s. notkun saumavélar, útsaum, prjónaskap og fleira. Er þjálfunin tengd við aukna færni í fínhyrreyfingum og samhyfingu. Nemendur fá tækifæri til að auka færni sína á afmörkuðum sviðum innan greinarinnar sem getur nýst í daglegu lífi, tómstundum eða á vinnustað. Áhersla er lögð á að efla sjálfsöryggi, hugmyndaflug, sköpunar- og vinnugleði nemandans. Viðfangsefni eru miðuð við getu og þroska hvers nemanda.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- hagnýtum vinnubrögðum sem nýtast honum í leik og starfi.
- einföldum prjónaaðferðum, útsaumi, notkun saumavélar o.fl.
- vandvirkni við frágang.
- mikilvægi þess að geta haft ofan af fyrir sjálfum sér.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- hagnýtum vinnubrögðum tengdum ýmsu handverki.
- fara eftir uppskriftum við mismunandi handaverk.
- fara eftir einföldu sniði til fatagerðar.
- ganga frá verkefnum (lokafrágangur).
- stytta sér stundir við ýmiss konar handverk.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hafa ofan af fyrir sér með mismunandi handverk, sem metið er með leiðsagnarmati.
- vinna sjálfstætt ýmist handverk við hæfi, sem metið er með virkni í kennslustundum
- velja verkefni við sitt hæfi, sem metið er með virkni í kennslustundum og leiðsagnarmati.
- ganga snyrtilega frá verkefnum, fela enda o.frv., sem metið er með verklegum æfingum.

Námsefni:

Blöð og bækur sem tengjast ýmiskonar hönnun og handverki

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dæmi:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	20.ágúst	Kynning og skipulag	
2-18	25.ágúst- 10.des.	Eigið handverk ákveðið og undirbúið. A.m.k. einn hlutur framleiddur og fullunninn Netverkefni Samtal um möguleika, áhuga og framkvæmd	Skissa af eigin handverki, merkt og skýrt með stikkorðum

Sérreglur áfangans:

1. Hver nemandi skal vera með körfu utan um verkefni sín. Nemandi taki þátt í því að skipta persónulegri kennslu á milli sín á annarra nemenda, þ.e. að vinna sjálfstætt í t.d teikningu eða öðrum verkefnum á meðan beðið er eftir aðstoð kennara.
2. Efnisgjald er 10.000.- og skal greiðast á skrifstofu skólans. Nemandi fær efni í einfalda nytjahluti úr textíl, ásamt afnotum af öllum tækjum, áhöldum og efnivið sem Hönnunardeild FSu hefur yfir að ráða.

Fyrirkomulag námsmats:

Dæmi:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Símat	Símat í samstarfi nemenda og kennara. Leiðsagnarmat haft til hliðsjónar.	30%
Mæting og virkni	Nýting tímans metin með því að halda dagbók hópsins	70%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.